


Engin úrræði við hæfi



Einangrunarklefi á Litla Hrauni. mbl.is/Ómar Óskarsson

Geðhjálp segja engin varanleg úrræði bíða alvarlega geðfatlaðs fanga á Litla Hrauni að lokinni þriggja ára afplánun í fangelsinu í lok desember. Fanginn hafi ekki fengið reynslulausn vegna skorts á viðeigandi úrræði á síðasta ári.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Geðhjálp. Þar segir einnig að hvorki viðkomandi sveitarfélag né ríki hafi lýst sig reiðubúin til að búa manningum úrræði við hæfi. Vandi mannsins endurspeglir úrræðaleysi samfélagsins gagnvart alvarlega, andlega veikum fögum, brotalamir í geðheilbrigðisþjónustu við fanga og

hættuna á því að þjónusta við fólk með geðrænan vanda falli niður milli sveitarfélaga og ríkis með alvarlegum afleiðingum.

„Geðhjálp og Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða svokölluð CPT-nefnd (European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment) hafa ítrekað bent á að fögum sé ekki veitt lögbundin geðheilbrigðisþjónusta hér á landi.

Geðhjálp hefur bent á að fangar á Litla-Hrauni hafi ekki aðgang að geðlækni og þurfi að bíða í tvær til þrjár vikur eftir viðtali við sálfræðing. Tveimur sálfræðingum á vegum Fangelsismálastofnunar er ætlað að sinna 160 fögum og öllum fögum á reynslulausn. Með hliðsjón af því að á bilinu 50 til 75% fanga í fyrri hópnum eiga við geðrænan vanda að stríða er ljóst að naumur tími gefst til að sinna hverjum og einum.

Í drögum að skýrslu umboðsmanns Alþingis um heimsókn á Litla-Hraun frá 30. september 2013 kemur fram að fangar með alvarlegan geðvanda eigi lögum samkvæmt[1] rétt á að afplána hluta eða allan dóm sinn á heilbrigðisstofnun. Engu að síður hefur fangelsismálastofnun rekið sig á að viðeigandi heilbrigðisstofnanir hafi verið tregar til að taka við alvarlega, andlega veikum fögum. Af því leiðir að oft hafa fjórir til fimm og allt upp í sjö alvarlega veikir fangar dvalist á Litla-Hrauni hverju sinni.

Ofangreindur fangi lýkur refsivist sinni eftir eftir örfáar vikur. Hann þjáist af alvarlegum, flóknum geðvanda og líkamlegum sjúkdómi hafa veikindi hans ágerst í refsivistinni. Ekki hefur verið unnt að búa að honum með viðunandi hætti í fangelsinu og ljóst er að hvorki viðkomandi sveitarfélag né ríki hafa nýtt tímann til að búa honum viðeigandi úrræði úti í samfélaginu að lokinni afplánun.

Geðhjálp skorar á velferðarráðherra, heilbrigðisráðherra og innanríkisráðherra að tryggja alvarlega veikum fögum úrræði við hæfi og fögum í landinu geðheilbrigðisþjónustu eins og lög kveða á um. Með sama hætti er skorað á sveitarfélögin í landinu að tryggja fólki með geðfötlun viðhlítandi velferðarþjónustu á öllum tímum.

Annað er ekki sæmandi íslensku velferðarsamfélagi.

[1] Í 2. mgr. 15 gr.laga um fullnustu refsingar kemur fram að fangelsismálastofnun geti leyft vistun á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun um stundarsakir eða allan refsitímann.“